

GJALDSKRÁ

yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Gjald Hollustuverndar ríkisins fyrir ráðgjöf og sérfræðiþjónustu skal vera sem hér segir:

1. Sérfræðingur 2 430 kr./klst.

2. Aðstoðarmaður 1 820 kr./klst.

Tímar skulu taldir í heilum og hálfum klukkustundum.

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast á dagvinnutímabili skulu vera sem hér segir:

Eðlis- og efnarannsóknir:	Kr.
Ákvörðun á sýrumagni (titrun)	610
Ákvörðun á sýrustigi (pH)	460
Eðlisþyngd (pycnometer)	880
Fitumæling (Gerber)	920
Fosfatase próf	610
Litprófun (reduktase próf)	610
Mæling á fríu og bundnu klóri (Lovibond)	380
Peroxidase próf	610
Purrefnisákvörðun	610
Mæling á aflatoxin	3 000
Tegundagreining á kjöti	3 000
Greining á Staphylococcus enterotoxini	3 000
Greining á azolitarefni	2 500
Örverurannsóknir:	
Talning eftir ræktun á agaræti (mism. hitast.)	720
Kólingerlar, MPN eða VRBA	540
Saurkólingerlar, MPN eða VRBA	540
Staphylococcus aureus	740
Ger- eða myglusveppir	720
Sulfit-afoxandi clostridia	820
Bacillus cereus	820
Clostridium perfringens	1 110
Brochotrix thermospacta	820
Gram-neikvæðir gerlar á CV agar	720
Pseudomonas, flúoriserandi	820
Fecal streptococcar	820
Mjólkursýruglerlar	820
Lötfirró ræktun	970
Rodac-skálar með æti	100
Delvopróf (antibiotika)	820
Campylobacter, ræktun, greining	1 870
Salmonella, forræktun og forgreining	1 740
Salmonella, bíogreining með API 20E (með undirbúningi)	2 270
Salmonella, serumgreining á stofni	1 600
Legionella, ræktun og greining	1 110
Listeria, ræktun og greining	1 870
Litmus ræktun	1 540

Greining á Salmonella og Listeria með Elisaaðferð **

Antibiotika mæling á agaræti **

Ræktun með Millipore síun **

Smásjárannsókn **

** Sjá 8. grein.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að leggja 30% álag á gjald fyrir efna- og örverurannsóknir samkvæmt 2. gr., sé þess óskað að þær verði gerðar utan dagvinnutímabils.

4. gr.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjald fyrir flutning sýna, ferðir og uppihald.

5. gr.

Gjald vegna undirbúnings sýnis og gerð vottorðs er kr. 880. Gjald fyrir hvert vottorð umfram eitt er kr. 590.

6. gr.

Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er veittur 30% afsláttur frá gjaldskránni. Þó er heimilt að veita allt að 50% afslátt vegna rannsóknastarfa sé reglum, sem stofnunin setur, fullnægt.

7. gr.

Heilmilt er að veita öðrum aðilum en heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga allt að 30% afslátt frá gjaldskránni vegna stórra verkefna og möguleika til að lækka kostnað við þjónustuna.

8. gr.

Gjald fyrir rannsóknir, sem ekki eru taldar upp í 2. gr. skal Hollustuvernd ríkisins ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald skv. 1. gr.

9. gr.

Stofnuninni er heimilt að gera föst verktilboð eða verksamninga vegna sérfræðiráðgjafar og þjónustustarfa sinna.

10. gr.

Gjaldddagi reikninga er 30 dögum eftir útgáfu og er stofnuninni heimilt að innheimta dráttarvexti sé skuld ekki greidd fyrir gjaldddaga.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 142/1989, með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. janúar 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.